

Danska 9.bekk 2025-2026

Kennarar: Ólafur Atli Sindrason

10

Lýsing

Æfingar í málfræði, lestri og hlustun. Orðaforði bættur með því að vinna með sagnorð. Æfingar í því að hlusta á dönsku og að hlusta á danskt myndefni.

Athugað hvernig danska og íslenska tengjast og hvernig má nýta þekkingu í íslensku til þess að geta sér til um merkingu.

Nemendur prófa sig áfram í því að skrifa stuttar og einfaldar setningar og búa sig undir að geta bjargað sér við algengar aðstæður í daglegu lífi.

Einu sinni í viku verður farið í danskt samræðuspil sem nefnist Hvem spiller hvem

Kennsluaðferðir og fyrirkomulag

Reynt er að gera kennsluna aðgengilega og lifandi eftir því sem kostur er og hæfir í tungumálanámi. Því er reynt að láta tungumálið hljóma með því að prófa sig áfram í því að lesa setningar, hlýða á talað mál og að sjá myndefni. Samhliða því eru unnin verkefni sem nemendur vinna ýmist einir eða í pörum og fá þeir þar að láta reyna á þekkingu sína og að finna með aðstoð kennara, samnemenda og hjálpargagna á netinu, svo sem orðabókar, hvernig best má leysa hvert verkefni um sig. Verkefnin geta falist í því að þýða texta í smáatriðum, í því að skilja aðalatriði og í því að geta gert greinarmun á nútíð og þátíð sagna, á eintölu og fleirtölu nafnorða eða að skrifa stuttan texta.

Hver námsþáttur metinn fyrir sig. Nemendur fá æfingu í því að bæta við orðaforða sinn með því að safna að sér sagnorðum og nafnorðum sem byggja grunn merkingar. Einnig er farið yfir föst orðasambönd sem algeng eru og gott er að hafa á takteinum.

Þá verður farið í danskt samræðuspil einu sinni í viku - til að þjálfa grunnorðaforða og rökhugsun nemenda - auk þess að þjálfa framburð og færni í munnlegri dönsku.

Námsaðlögun

Ef nemendur þurfa námsaðlögun er hún veitt í formi aukinnar aðstoðar, viðuráðanlegri verkefna og hjálparforrita þar sem það á við.

Námsmat

Hver námsþáttur metinn fyrir sig. Nemendur fá æfingu í því að bæta við orðaforða sinn með því að safna að sér sagnorðum og nafnorðum sem byggja grunn merkingar. Þeir vinna verkefni í kennslustundum sem eru þjálfunarverkefni en taka svo sérstök matsverkefni sem sýna hvernig til hefur tekist við námið.

Við lok annar er gefin heildareinkunn á skalanum A-D svo sem getið er um í skólanámskrá.

Danska við lok 1. stigs - Hlustun

- Skilið það mál sem notað er í kennslustofunni og brugðist við með orðum eða athöfnum.
- Fylgt meginþræði í einföldum frásögnum um kunnuglegt efni með stuðningi, t.d. af myndum, hlutum eða líkamsmáli og notað sér upplýsingarnar í eigin verkefni.

Danska við lok 1. stigs - Lesskilningur

- Skilið megininntak í stuttum einföldum frásögnum dagblaða, tímarita og netmiðla með stuðningi, t.d. af myndum.
- Fundið afmarkaðar upplýsingar í einföldum texta og nýtt sér í verkefnavinnu.
- Lesið sér til gagns og gamans stuttar, einfaldar bækur og fræðsluefni fyrir börn og unglinga og rætt efni þeirra með stuðningi kennara eða skólasystkina.

Danska við lok 1. stigs - Samskipti

- Spurt og svarað á einfaldan hátt um það sem stendur honum næst.
- Skipst á upplýsingum og skoðunum við skólasystkini og kennara um efni tengt náminu.

Danska við lok 1. stigs - Frásögn

- Sagt frá eða lýst sjálfum sér, vinum, fjölskyldu, áhugamálum og nánasta umhverfi á einfaldan hátt.

Danska við lok 1. stigs - Náms hæfni

- Tekið þátt í hóp- og tvenndarvinnu, hlustað á og tekið tillit til þess sem aðrir hafa að segja
- Nýtt sér hjálpartæki, s.s. einfaldar orðabækur, veforðasöfn, leiðréttingarforrit og leitarvélar.

Lykilhæfni fyrir 8.-10. bekk - Tjáning og miðlun

- Tjáð hugsanir sínar, hugmyndir og tilfinningar á skipulegan, skýran og viðeigandi hátt.

Lykilhæfni fyrir 8.-10. bekk - Skapandi og gagnrýnin hugsun

- Verið óhræddur að nýta sér mistök og óvæntar niðurstöður á gagnrýnninn og skapandi hátt og séð í þeim nýja möguleika.

Lykilhæfni fyrir 8.-10. bekk - Sjálfstæði og samvinna

- Nýtt hæfni sína til að vera virkur og ábyrgur borgari í lýðræðislegu samfélagi.

Lykilhæfni fyrir 8.-10. bekk - Nýting miðla og upplýsinga

- Nýtt fjölbreytta miðla og hjálpartæki á ábyrgan hátt við að leita upplýsinga og til stuðnings í námi sínu.

Lykilhæfni fyrir 8.-10. bekk - Ábyrgð og mat á eigin námi

- Gert sér grein fyrir hvernig hann getur hagnýtt sterkar hliðar sínar á skapandi hátt í námi og haft skýra sjálfsmynd.

NÁMSEFNI/GÖGN



Grammatik

Uppflettirit



Grammatik

Uppflettirit



Tak

Kennslubók í dönsku

(<https://mms.is/namsefni/tak-grunnbok-rafbok>)



Fjölbreyttir kennsluhættir í dönsku



Dansk her og nu



Dansk her og nu



Smil

Kennslubók í dönsku - grunnbók og verkefnabók